



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
23. maí 2011

Aðgerðir Lánamála ríkisins samhliða fyrsta gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands

Í tilkynningu Lánamála ríkisins þann 28. mars 2011 kemur fram að kaupendur gjaldeyris í væntanlegum útboðum Seðlabanka Íslands geti selt ríkissjóði ríkisvixla og ríkisbréf með gjalddaga fyrir árslok 2013 til fjármögnunar á gjaldeyriskaupum. Gjaldyrisviðskiptin munu fara fram með milligöngu viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði sem eru Arion banki, Íslandsbanki og NBI (Landsbankinn) Í dag tilkynnti Seðlabankinn að fyrsta útboðið yrði haldið þann 7. júní með uppgjöri daginn eftir.

Aðilar sem eiga samþykkt tilboð í gjaldeyrisútboði Seðlabankans eiga þess kost að selja Lánamálum ríkisskuldabréfin sín á eftirfarandi kjörum miðað við uppgjör 10. júní.

Flokkar	Verð	Flatir Vextir	Flokkar	Verð án áf. vaxta	Áv. krafa
RIKV 11 0615	99,955	3,24%	RIKB 11 0722	100,520	3,28%
RIKV 11 0715	99,685	3,25%	RIKB 12 0824	101,295	3,13%
RIKV 11 0815	99,405	3,26%	RIKB 13 0517	107,745	3,06%
RIKV 11 0915	99,130	3,26%			
RIKV 11 1017	98,850	3,25%			
RIKV 11 1115	98,595	3,25%			

Viðskiptavakar sem ætla að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti með framangreindum ríkisskuldabréfum þurfa að upplýsa Lánamál ríkisins um það eigi síðar en kl. 09.00 þann 8. júní. Ríkisverðbréfin þurfa svo að berast Lánamálum fyrir klukkan 11.00 þann 10. júní. Greiðslur eiga sér stað eftir afhendingu bréfanna og eigi síðar en klukkan 16.00 sama dag.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.